



Verðlaunaafhending Meistaratitla 2016

Íslandsmeistarar 2016

| Grein | Íslandsmeistari | Félag | Stig |
|--|-----------------------------|--------------|-------------|
| Drift | Aron Jarl Hillers | AÍH | 568 |
| <u>Go-Kart</u> | Ragnar Skúlason | AÍH | 113 |
| <u>Rally – Aðstoðarökumenn 4X4 non turbo</u> | Einar Hermannsson | BÍKR | 60 |
| <u>Rally – Aðstoðarökumenn jeppaflokkur</u> | Magnús Þórðarson | BS | 70 |
| <u>Rally – Aðstoðarökumenn heildin</u> | Ásta Sigurðardóttir | BÍKR | 70 |
| <u>Rally – Ökumenn 4X4 non turbo</u> | Guðni Freyr Ómarsson | BA | 80 |
| <u>Rally – Ökumenn jeppaflokkur</u> | Guðmundur Snorri Sigurðsson | BS | 70 |
| <u>Rally – Ökumenn heildin</u> | Daníel Sigurðarson | BÍKR | 70 |
| <u>Rallycross – 2000 flokkur</u> | Ragnar B Gröndal | AÍFS | 92 |
| <u>Rallycross – 4WD króna</u> | Kristinn Sveinsson | AÍH | 97 |
| <u>Rallycross – Unglingaflokkur</u> | Arnar F Viðarsson | AÍH | 90 |
| <u>Rallycross – Opinn flokkur</u> | Jón B Hrólfsson | AÍFS | 90 |
| <u>Kvartmíla OF</u> | Harry Þór Hólmgeirsson | KK | 356 |
| <u>Kvartmíla ST</u> | Kristófer Daníelsson | BA | 230 |
| <u>Kvartmíla TS</u> | Hilmar Jacobsen | KK | 357 |
| <u>Götuspyrna 6 cyl.</u> | Jón Friðbjörnsson | BS | 317 |
| <u>Götuspyrna 8 cyl. standard</u> | Stefán Örn Steinþórsson | BA | 360 |
| <u>Götuspyrna 4x4</u> | Sigurður Karlsson | BA | 337 |
| <u>Sandspyrna – Fólksbílar</u> | Bjarnþór Elíasson | START | 384 |
| <u>Sandspyrna – Jeppaflokkur</u> | Gunnar Helgi Steindórsson | BA | 359 |
| <u>Sandspyrna – Ofurflokkur</u> | Kristján Hafliðason | KK | 364 |
| <u>Torfæra – Götubílar</u> | Ívar Guðmundsson | TKS | 87 |
| <u>Torfæra – Sérútbúnir</u> | Snorri Þór Árnason | TKS | 100 |

Akstursíþróttamaður ársins 2016

| | | |
|--------|----------------------------|------|
| Konur | Ásta Sigurðardóttir | BÍKR |
| Karlar | Aron Jarl Hillers | AÍH |

Ásta Sigurðardóttir - BÍKR

Akstursíþróttasamband Íslands hefur útnefnt Ástu Sigurðardóttur sem Akstursíþróttamann ársins - konur. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Ásta mikla reynslu og náð frábærum árangri í akstursíþróttum. Í sínu fyrsta ralli, nýorðin 16 ára, fagnaði hún sigri með bróðir sínum, Daníel. Sú sigurganga hélt áfram hér heima en fljótlega fóru þau systkin að keppa í Bretlandi og náðu þar meistaratitli í Evo Challenge árið 2009.



Ásta er þrefaldur Íslandsmeistari í ralli sem aðstoðarökumaður 2006 og 2007 og nú síðast frábær íslandsmeistaratitill á þessu ári.

Rallyferill Ástu er saga sigra, en ósigrar hafa líka bankað upp á. Alltaf fylgir samt góða skapið og hún er sannur gleðigjafi.

Fáum konum hefur tekist að skilja jafn djúp spor eftir í rallýsögunni og Ástu. Glæstur árangur ársins gerir Ástu að verðugum fulltrúa akstursíþróttar og titilsins Akstursíþróttamaður ársins 2016.

Aron Jarl Hillers - AÍH

Akstursíþróttasamband Íslands hefur útnefnt Aron Jarl Hillers sem Akstursíþróttamann ársins - karlar. Aron hefur verið viðloðin drift á Íslandi síðan á upphafsdögum þess. Hann er margfaldur Íslandsmeistari í íþróttinni og þykir með eindæmum góður talsmaður íþróttarinnar. Hann er Íslandsmeistari 2016 og vann hann gull í 3 af 6 keppnum sumarsins. Í tveimur þeirra vann hann til silfur verðlauna og í einni lenti hann í 4 sæti.





Aron hefur lagt sig allan fram við uppbyggingu sportsins undanfarin ár, bæði með því að koma vel fram innan brautar jafnt sem utan. Keppnislið hans Team Jarlinn hefur undir styrktri stjórn Arons unnið að því að færa driftið á Íslandi á hærra stöllum varðandi útbúnað bíla og frammistöðu í keppnum. Auk þess að vera Íslandsmeistari í Drifti í ár tókst Aroni að vinna til gullverðlauna í öllum þeim keppnisgreinum sem hann skráði sig í á Bíladögum á Akureyri, það er Drift, Götuspyrna og Auto X en það verður að teljast ótrúlega flottur árangur.